

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík, 29. apríl 2021.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1189 - 710. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). Félagið fagnar ofangreindu frumvarpi og er sammála markmiði þess, *að bregðast við breyttum samfélagslegum viðhorfum til þeirra brota sem það fjallar um, þar á meðal varðandi barnaníð og hatursorðræðu, og fylgja réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum*. Tekur félagið undir mikilvægi þess að horft sé til refsilyngingar ef rekja má brot til kynþáttar brotþola og jafnframt að tekið verði til greina þyngingar refsingu ef brot er framið í nærveru barns yngra en 15 ára. Einnig mikilvægi þess að draga úr hatursorðræðu og tryggja vernd gegn mismunun við afhendingu á vöru eða þjónustu til jafns við aðra, þ.m.t. fólki með fötlun sem er í takt við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fullgiltur var hér á landi árið 2016.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu, er varðar breytingar á 210. gr. a um barnaníðsefni og nýtt ákvæði um ítrekunaráhrif, liður 3.3 sem snýr að því *að aðgreina brot sem beinlínis beinast gegn börnum annars vegar og hins vegar brot þar sem fullorðnir eru sýndir í hlutverki barna*. Jafnframt er mikilvægt að uppfæra skilgreiningu á barnaníði og hækka refsihámark eins og frumvarpið boðar. Félagið styður einnig áform þess efnis að dregið verði úr upptalningu á mismunandi gerðum af efni í texta og þess í stað verði vísað til „myndefnis“ og felld verði út hugtök sem þykja úrelt, s.s. „klámfengið“. Þá er mikilvægt að taka sérstaklega fram að dreifing efnis sem fellur undir ákvæðið sé refsiverð til að taka af allan vafa. Sérstaklega ber að fagna nýju ákvæði sem mælir fyrir um innbyrðis ítrekunartengsl beggja barnaníðsákvæðanna, þ.e. 210. gr. a og 210. gr. b. Félagið fagnar því einnig að 15, 16 eða 17 börn verði undanskilin ákvæðum 1. og 2. mgr. ákvæðisins ef ótvírætt samþykki liggur fyrir og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi en þannig er komið í veg fyrir að persónuleg samskipti ungmenna verði gerð refsiverð.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að fylgja því eftir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda, verði það að lögum og jafnframt að tryggja þeim

sem fremja brot gegn börnum aðgang að ráðgjöf og stuðningi fagaðila, svo sem félagsráðgjafa. Jafnframt þarf að tryggja aðgang að sérhæfðri samtalsmeðferð.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Þeir búa yfir viðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þrjú ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður